

Stefnuskrá

fyrir fjelag frjálslyndra manna í Reykjavík.

1. gr.

Fjelagið heitir: »Fjelag frjálslyndra manna í Reykjavík.«

2. gr. 1.

Stefna fjelagsins er:

- a) Að halda stjórnmalunum í horfi frjálslyndis á grundvelli þjóðstjórnar og þingræðis og leitast við að eyða stjettarríg og vinna að sem bestu samkomulagi milli sveita og bæja og láta yfir höfuð hag alþjóðar jafnan sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum stétta og einstaklinga.
- b) Að gæta sjálfstæðis þjóðarinnar, sæmdar og réttar hennar útávið og undirbúa hana til þess að verða fær um að taka öll mál í sínar hendur.
- c) Að efla mentun og menning í landinu, og jafnframt barnafræðslunnar stuðla að því að hver unglingur eigi kost á því að fá þá mentun er honum hæfir best, án tillits til efnahags, einkum með því að koma upp góðum lýðskólum og heimavistum við mentaskóla og háskóla og styrkja efnilegustu menn til háskólanáms innanlands og utan, að efla íslensk vísindi, bókmentir og listir og sjálfmentun alþýðu með styrk til bókasafna, fræðiritra og fyrirlestra.
- d) Að efla atvinnuvegi landsmanna, til sjávar og sveita, að stuðla sérstaklega að því að landbúnaðurinn komist í betra horf en nú er með aukinni jarðrækt, bættum samgöngum og með því að styðja að hollri nýbreytni í búnaðarháttum, svo sem notkun rafmagns o. fl., að efla innlendan iðnað, sjerstaklega með það fyrir augum, að vinna úr afurðum landsins, að vernda og styðja frjálsa verslun og vinna á móti öllu misrjetti í löggjöf um þau efni.
- e) Að vanda lagasetning, gæta stranglega settra laga og tryggja rjettaröryggið, meðal annars með því að vinna að því að jafnan verði sem öruggast búið um æðsta dómstól landsins.
- f) Tekna handa rikissjóði vill fjelagið láta aflla, aðallega með tollum á ónauðsynlegum vörum og með stighækkandi tekjuskatti. Toll á nauðsynjavörum og útflutningsgjald af útfluttum vörum vill fjelagið láta afnema sem fyrst.
Álögunum sje svo sem unt er hagað eftir afkomu atvinnuveganna á hverjum tíma, og stund lög á það, að áætla sem nákvæmast tekjur og gjöld rikissjóðs, svo að forðast, megi bæði mikinn tekjuhalla og óeðlilegan tekjuafgang.
- g) Fjelagið vill stuðla að auknum tryggingum almennings.
- h) Fjelagið vill styðja að sem bestu fasteignalána fyrirkomulagi.
- i) Fjelagið vill efla landhelgisgæsluna og vinna að því að landhelgin verði rýmkuð.
- j) Fjelagið vill vinna að útrýmingu áfengisnautnar í landinu, meðal annars með því að styðja að ríflegum fjárframlögum til bindindisstarfsemi og með því að lögleida bindindisfræðslu í barnaskólum landsins.

2. g. 2.

Í bæjarmálum vill fjelagið beita áhrifum sínum til þess að fylgt verði sömu grundvallarstefnu eins og í landsmálum